

## Íbúaráð Kjalarness

Ár 2022, fimmtudaginn 18. september, var haldinn 30. fundur íbúaráðs Kjalarness. Fundurinn var opinn og haldinn í Klébergsskóla og hófst kl. 16:03. Viðstaddir voru Kristjana Þórarinsdóttir, Ingiríður Halldórsdóttir, Hildur Guðbjörnsdóttir, Olga Ellen Þorsteinsdóttir og Guðfinna Ármannsdóttir. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð sem og Ragnar Harðarson.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. júní 2022 um kosningu þriggja fulltrúa og þriggja til vara í íbúaráð Kjalarness. Kristjana Þórarinsdóttir var kosinn formaður íbúaráðs Kjalarness. MSS22060056
2. Lögð fram tilnefning foreldrafélaga í íbúaráð Kjalarness. Olga Þorsteinsdóttir tekur sæti í íbúaráði Kjalarness fyrir hönd foreldrafélaga. MSS22080029
3. Lögð fram tilnefning íbúasamtaka í íbúaráð Kjalarness. Hildur Guðbjörnsdóttir tekur sæti í íbúaráði Kjalarness fyrir hönd íbúasamtaka. MSS22080029
4. Lagt fram slembival í íbúaráð Kjalarness. Guðfinna Ármannsdóttir tekur sæti í íbúaráði Kjalarness sem slembivalinn fulltrúi og Emma Íren Egilsdóttir til vara. MSS22080029
5. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 10. febrúar 2022 um samþykkt borgarráðs á tillögum stýrihóps um innleiðingu íbúaráða. MSS21120181
- 16:09 tekur Þorkell Sigurlaugsson sæti á fundinum.
6. Lögð fram samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar. MSS220090031
7. Lagt fram til afgreiðslu fundadagatal íbúaráðs Kjalarness. MSS22080136  
Samþykkt.
8. Lagt fram svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 18. maí 2022 við fyrirspurn fulltrúa íbúasamtaka um mælingar á þungmálmum á skotsvæðinu á Álfsnesi, sbr. 4. liður fundargerðar ráðsins frá 12. maí 2022. MSS22050061
9. Lagt fram svar íprótta- og tómsfundasviðs dags. 9. júní 2022 við fyrirspurn fulltrúa íbúasamtaka um skýrslu um framtíðarsvæði fyrir skotæfingafélög, sbr. 5. liður fundargerðar ráðsins frá 12. maí 2022. MSS22050062
10. Fram fer umræða um Römpum upp Ísland og ábendingar á Kjalarnesi. MSS22020088  
Samþykkt að formaður í samvinnu við ráðið leiði vinnu við að safna ábendingum og leggi fram á næsta fundi.
11. Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 17. ágúst 2022 um umferðaröryggisaðgerðir 2022. USK22080011
12. Fram fer umræða um hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS22040019

13. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS20090034
14. Fram fer kosning varaformanns í íbúaráði Kjalarness. MSS22080251  
Samþykkt að Ellen Calmon verði varaformaður ráðsins.

**Fundi slitið kl. 17:45**

Kristjana Þórarinsdóttir

Ingiríður Halldórsdóttir  
Þorkell Sigurlaugsson  
Guðfinna Ármannsdóttir

Hildur Guðbjörnsdóttir  
Olga Þorsteinsdóttir